

REGLUGERÐ

um hrognkelsaveiðar.

1. gr.

Allar veiðar á grásleppu í fiskveiðilandhelgi Íslands eru bannaðar nema að fengnu sérstöku leyfi sjávarútvegsráðuneytisins.

2. gr.

Rétt til grásleppuveiða eiga þeir bátar er leyfi fengu á vertíð 1991 samkvæmt reglugerð nr. 474 2. desember 1990. Óheimilt er að veita grásleppuleyfi til báta sem eru stærri en 12 brl., hafi þeir ekki stundað veiðar á næstu grásleppuvertíð á undan. Ráðuneytið getur bundið útgáfu leyfa til grásleppuveiða þeim skilyrðum er þurfa þykir, m.a. varðandi skýrsluskil um veiðar og skil vegna greiðslumiðlunar.

3. gr.

Færsla grásleppuleyfis milli báta skal bundin þeim skilyrðum að bátur, sem grásleppuleyfi er flutt til, hafi leyfi til veiða í atvinnuskyni, sé í þinglýstri eigu sama aðila og sá bátur, er veiðileyfið er flutt frá, og að hinn nýi bátur sé ekki meira en 10 rúmmetrum stærri en sá bátur er veiðileyfið er flutt frá.

4. gr.

Selji aðili, sem kost átti á leyfi skv. reglugerð nr. 474/1990, bát sinn fylgir leyfið bátnum nema annars sé getið í kaupsamningi.

Hafi seljandi grásleppubáts tekið fram í kaupsamningi, að grásleppuleyfi fylgdi ekki með við sölu bátsins, hefur hann heimild til að flytja leyfið yfir á annan bát, enda hafi sá bátur leyfi til veiða í atvinnuskyni, sé innan stærðarreglna sbr. 3. gr og í þinglýstri eigu hans. Nýti seljandi ekki þann rétt næstu tvær vertíðar frá sölu fellur heimildin niður.

5. gr.

Eingöngu er heimilt að nota við grásleppuveiðarnar þann bát sem veiðileyfið tilgreinir.

6. gr.

Hvert veiðileyfi skal bundið við ákveðið veiðisvæði og veiðitíma. Skal leyfilegur veiðitími á hverju veiðisvæði vera sem hér segir:

- A: Fyrir Suður- og Vesturlandi frá línu réttvísandi austur frá Hvítungum að línu réttvísandi vestur frá Öndverðarnesi, er veiðitímabilið 20. apríl – 20. júlí.
- B: Í Breiðafirði frá línu réttvísandi vestur frá Öndverðarnesi að línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum, er veiðitímabilið 20. apríl – 20. júlí.
Innan línu, sem dregin er úr Krossnesvita, vestan Grundarfjarðar, í Lambanes, vestan Vatnsfjarðar, er þó óheimilt að leggja grásleppunet fyrir 9. maí.
- C: Fyrir Vestfjörðum frá línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum að línu réttvísandi norður frá Horni, er veiðitímabilið 20. apríl – 20. júlí.
- D: Í Húnaflóa frá línu réttvísandi norður frá Horni að línu réttvísandi norður frá Skagatá, er veiðitímabilið 1. apríl – 1. júlí.
- E: Fyrir Norðurlandi frá línu réttvísandi norður frá Skagatá að línu réttvísandi austur frá Fonti á Langanesi, er veiðitímabilið 20. mars – 20. júní.
- F: Frá línu réttvísandi austur frá Fonti á Langanesi að línu réttvísandi austur að Hvítungum, er veiðitímabilið 20. mars – 20. júní.

Veiðileyfishöfum er óheimilt að leggja grásleppunet fyrir kl. 08.00 fyrsta dag veiðitímabils. Skylt er að draga öll hrognkelsanet úr sjó fyrir lok veiðitímabils sbr. 2. mgr. þessarar greinar.

Ráðuneytinu er heimilt að víkja frá ofangreindum ákvæðum um veiðitíma, ef sérstakar ástæður þykja til vegna t.d. markaðsaðstæðna og ef hafís hefur tálmað veiðar þeirra.

7. gr.

Sé einn maður á báti, er bannað að eiga fleiri en 100 grásleppunet í sjó. Séu tveir menn í áhöfn, skulu ekki fleiri en 200 net í sjó. Aldrei er heimilt að eiga fleiri en 300 net í sjó. Takmörkun þessi á netafjölda miðast við 60 faðma ófellda slöngu.

8. gr.

Lágmarksmöskvastærð grásleppuneta, sem heimilt er að nota, er 10,5 þumlungar (266,7 mm). Við ákvörðun á hvort um grásleppunet eða rauðmaganet sé að ræða þá teljast öll net, sem eru með stærri möskva en 8,5 þumlunga (216 mm), sem grásleppunet. Óheimilt er að nota net til rauðmagaveiða minna en 7 þumlunga möskva.

9. gr.

Netabaujur skulu vera á báðum endum netatrossu og skulu allar netabaujur merktar með flaggi, sem komið er fyrir efst á baujustönginni. Flaggið skal auðkennt þannig að séð verði hvaða bátur á netið.

10. gr.

Allir þeir, sem grásleppuveiðar stunda, skulu senda Hafrannsóknastofnun skýrslur um veiðarnar.

11. gr.

Auk eftirlits Landhelgisgæslu með veiðum og veiðarfærum hafa eftirlitsmenn ráðuneytisins eftirlit með, að ákvæðum reglugerðar þessarar sé fylgt, og er leyfishöfum skylt að gera þessum aðilum kleift að gera þær athuganir á veiðarfærum, sem þessir aðilar telja nauðsynlegar.

12. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála. Jafnframt er heimilt að svipta báta heimild til grásleppuveiða í tiltekinn tíma, að mati ráðuneytisins, vegna brota á ákvæðum reglugerðar þessarar eða leyfisbréfa til grásleppuveiða.

13. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 474 2. desember 1990, um grásleppuveiðar ásamt síðari breytingum nr. 127/1991 og nr. 225/1991.

Sjávarútvegsráðuneytið, 21. janúar 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.